

Afrekshundur ársins 2022

Ollie



Ollie með eiganda sínum Sunnu Björg Skarphéðinsdóttur, ásamt börnum Sunnu og formann i HRFÍ Daniel Erni Hinrikssyni.

Olympia eða „Ollie“ er hreinræktuð Cotton tík sem er fædd 22. September 2018. Eigandi hennar er Sunna Björg Skarphéðinsdóttir og býr Ollie með henni ásamt eiginmanni hennar og 3 börnum. Ollie er gríðarlega félagslega hænd, og þarf mikla nærveru mannfélks en gefur líka jafn mikið á móti og passar sérstaklega uppá lítil börn og þá sem minna mega sín. Ollie vann bronsverðlaun á sínu fyrsta hundaræktarmóti í flokki „best puppy of the show“ árið 2019. Olli eignaðist 6 hvolpa í einu og sama gotinu á haustmánuðum 2020 í miðjum Covid faraldri. Öll afkvæmi hennar eru við góða heilsu og eiga fyrirmyndar eigendur.

Ollie hefur frá árinu 2021 unnið hjá athvarfinu Læk sem staðsett er í Staðarbergi í Hafnarfirði. Lækur er athvarf fyrir einstaklinga með geðrænan vanda. Markmið með starfsemi Lækjar er að draga úr félagslegri einangrun auka lífsgæði og efla félagslega og líkamlega vellíðan. Opið er alla virka daga að degi til.

Ollie kemur á hverjum degi á Læk og gefur mikið af sér. Henni þarf að sinna og sjá gestir um það að fara með hana út að labba þegar hún óskar eftir því eða oftár. Hún er sérstaklega mikill knúsari og elskar að hoppa upp í sófa og fá rækilega gott knús og kúr. Ollie gefur mikið af sér og finnum við mikinn mun á því að hafa hana í húsínu. Hún gleður með sínum skemmtilega karakter. En það er eins og hún skynji fullkomnlega hlutverk sitt hér inni og er næm á fólk.